

**Úrskurður Póst- og fjarskiptastofnunar
vegna kvörtunar Rekstrarfélags Kringlunnar gegn Landssíma Íslands hf.
varðandi innanhúslagnir í Kringlunni 8-12**

**I.
Erindið**

Með bréfi dags. 9. nóvember 2000 óskaði Rekstrarfélag Kringlunnar eftir því að Póst- og fjarskiptastofnun úrskurðaði í ágreiningsmáli gegn Landssíma Íslands hf. varðandi innanhúslagnir í Kringlunni 4-12. Rekstrarfélagið gerir þær kröfur að viðurkenndur verði eignarréttur þess á öllum innanhúss fjarskiptalögnum sem lagðar hafa verið innan fasteignarinnar Kringlunnar 4-12, auk eignarréttar að húskassa Kringlunnar.

Fram kemur í bréfi Rekstrarfélagsins að félagið telur allar fjarskiptalagnir sem liggja frá húskassa Kringlunnar og áfram inn í fasteignina vera innanhúslagnir í skilningi 38. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999, og að þær séu í eigu Rekstrarfélagsins. Því er haldið fram að heimtaug nái ekki lengra en að húskassa skv. skilgreiningu á heimtaug í 15. tl. 3. gr. fjarskiptalaga. Í þessu tilfalli sé heimtaug tenging frá tengigrind í Múlastöð Landssímans og nái að símsstöð/húskassa Kringlunnar, en símsstöðin/húskassinn og lagnir frá honum inn í bygginguna í deiligrind og tengiskápa og áfram séu innanhúslagnir.

Tekið er fram að ekki sé kveðið skýrt á um eignarhald á fjarskiptalögnum í fjarskiptalögum nr. 107/1999, en af lögnum og lögskýringargögnum megi ráða að búið sé að skipta heildarlagnanetinu upp með því að skilgreina lagnirnar sem heimtaugar annars vegar og innanhúslagnir hins vegar og ljóst sé að hugsunin sé sú að grunnnetið teljist vera símsstöðvar Landssímans og heimtaugarnar, en innanhúslagnirnar verði allar á ábyrgð hvers húseiganda og þá væntanlega í eigu hans. Það leiddi til of mikillar óvissu ef lagnirnar væru á ábyrgð eins aðila en í eigu annars. Vísað er til meginreglu eignarréttar þess efnis að sá sem ber áhættu af hlut hafi einnig full yfirráð og not af honum. Því hafi húseigandi full yfirráð yfir innanhúslögnum og geti veitt hverjum sem er aðgang að þeim án afskipta Landssímans og án þess að greiða þurfi Landssímanum fyrir aðganginn.

Rekstrarfélagið telur að þar sem rík áhersla sé lögð á það í fjarskiptalögnum að auka samkeppni og Landssímanum beri skylda til að veita aðgang að heimtaugum þá geti það ekki staðist að Landssíminn eigi innanhúslagnir og geti hugsanlega neitað um aðgang að þeim. Ef gert hefði verið ráð fyrir eignarhaldi Landssímans á innanhúslögnum hefði 20. gr. fjarskiptalaga verið látin taka til allra lagna. Rekstrarfélagið telur ekkert benda til þess að aðgangur að

heimtaugum eigi að vera án endurgjalds. Ef Landssíminn ætti innanhúslagnir og gæti krafist endurgjalds fyrir aðgang yrðu húseigendur að bera þann kostnað. Þetta myndi veikja samkeppnisstöðu annarra fjarskiptafyrirtækja og ganga þannig gegn megintilgangi fjarskiptalaganna.

Rekstrarfélagið vísar að auki til 5., 6. og 8. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994, þar sem kveðið er á um að allar lagnir þar með taldar fjarskiptalagnir séu í eigu húseiganda annað hvort sem séreign eða sameign þeirra.

Einnig hljóti fjarskiptalagnir sem Landssíminn hefur lagt í hús að teljast almennt fylgifé fasteignar, ef ekki óaðskiljanlegur hluti hennar. Við eigendaskipti fylgdu ávallt allar fjarskiptalagnir innan húss með fasteign svo augljóst sé að þær teljist til fylgifjár fasteignarinnar. Landssímanum yrði aldrei gert að fjarlægja innanhúss fjarskiptalagnir er viðskiptum hans og húseiganda lyki.

Rekstrarfélagið telur að ef litið yrði svo á að fjarskiptalagnirnar hefðu verið eign Landssímans, sé ljóst að eftir að þær eru lagðar innanhúss verði þær hluti viðkomandi fasteignar og þar með eign fasteignareiganda. Því til stuðnings er vísað í fræðirit um eignarrétt og dóm Hæstaréttar H1966:231. Með vísan til gjaldskrár Landssímans nr. 15/1999 telur Rekstrarfélagið að símnótendur hafi þegar greitt fyrir húslagnir og þar með eignast þær.

II. Málsmeðferð

1. Athugasemdir Landssímans, 13. desember 2000

Kvörtun Rekstrarfélagsins var send Landssímanum til umsagnar og barst svar frá honum 13. desember 2000. Í bréfi sínu gerir Landssíminn þær kröfur aðallega að kvörtuninni verði vísað frá, en til vara að kröfum kvartanda verði alfarið hafnað. Krafa um frávísun er á því byggð að Póst- og fjarskiptastofnun hafi ekki valdbærni að lögum til þess að úrskurða um eignarrétt að fjarskiptalögnum.

Landssíminn telur að ágreiningurinn snúist ekki um að brotið hafi verið gegn skyldum skv. lögum eða rekstrarleyfi og falli því ekki undir 7. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1997 sem fjallar um kvartanir til stofnunarinnar. Landssíminn telur það hins vegar brýnt að almennar reglur verði settar um frágang lagna sbr. 38. gr. fjarskiptalaga og Landssíminn telur ekkert því til fyrirstöðu að Póst- og fjarskiptastofnun tjái sig um eignarrétt að fjarskiptalögnum í Kringlunni án þess að í því fælist bindandi niðurstaða fyrir aðila.

Landssíminn bendir einnig á að ekkert liggi fyrir um það að Rekstrarfélag Kringlunnar sé réttur aðili að kröfu um eignarrétt að fjarskiptalögnum í Kringlunni.

Landssíminn segir símsstöðina í Kringlunni vera útstöð í almenna kerfinu og línurnar þaðan og til Múlastöðvar séu stofnlínur og útilokað sé að skilgreiningar og lagaákvæði um heimtaug og innanhúslagnir leiði til þess að símsstöðvarbúnaður sem Landssíminn setur upp í húsnæði þriðja aðila verði eign þess þriðja aðila og þetta eigi við hvort sem símsstöðin þjónar einum aðila eða stærra svæði.

Út frá símsstöð í inntaksherbergi er deiligrind sem tengd er tengiskápum sem staðsettir eru víðs vegar um bygginguna. Út frá tengiskápum eru lagnir að einstökum verslunareiningum þar sem litlar símsstöðvar notenda eru tengdar. Kringlubyggingin er sögð vera í óskiptri sameign margra aðila en afnotahafar einstakra rýma hafi varanleg umráð og eigi þeir því sjálfstæðan rétt til tengingar við almennt fastasímanet. Þar af leiði að eigendum Kringlunnar sé skylt að heimila fjarskiptafyrirtækjum að leggja leiðslur um húsið í skilningi 48. gr. fjarskiptalaga til að tryggja aðgang að tengingu.

Landssíminn kveður Póst- og símamálastofnun (síðar Landssími) hafa lagt allar stofnlagnir í Kringlunni og þær séu því í eigu Landssímans. Sama gildi um lagnir frá tengiskápum inn í verslanir í gömlu Kringlunni (nr. 8-12). Stofnlagnir hafi verið lagðar af Landssímanum í Kringlunni 4 og 6 árið 1998, en í þeim hluta hússins hafi framkvæmdaraðili lagt frá tengiskápum og inn í verslanir. Gerður hafi verið leigusamningur um símsstöðvarherbergi til 10 ára og fram kom í umræðum um þann leigusamning að útstöðin ætti að þjóna fleiri nærliggjandi húsum.

Landssíminn bendir á að hugtakið “húskassi” er ekki skilgreint í fjarskiptalögum eða greinargerð með þeim. Þó svo að með húskassa sé jafnan átt við inntaksgrind innan við húsvegg beri að taka tillit til þess að tengiskápar sem tengdir eru út frá slíkum kössum gegni oft sama hlutverki. Þegar um marga sjálfstæða notendur er að ræða innan fasteignar verði að líta svo á að heimtaug liggi almennt að því rými þar sem notandi hefur afnotarétt.

Landssíminn telur að við lagningu fjarskiptalagna beri fyrirtæki með alþjónustuskyldur að skipuleggja lagnir þannig að hver og einn notandi eigi kost á almennt fáanlegri fjarskiptaþjónustu. Ef forræði á innanhúslögnum yrði takmarkað þannig að lagnir frá inntaksvirki að tengiskápum væri talin eign annarra væri grundvöllur fyrir slíku fyrirkomulagi brostinn. Þá væri aðgangur að slíkum leiðslum ekki lengur byggður á ákvæðum fjarskiptalaga um aðgang að almennum fjarskiptanetum. Draga megi þá ályktun af ákvæðum um aðgang að heimtaug að mörkin milli innanhúslagna og heimtauga í fjöleignarhúsum liggi þar sem endanleg greining eigi sér stað milli notenda. Er þetta í samræmi við 15. tl. 3. gr. fjarskiptalaga þar sem kveðið er á um að heimtaug sé að þeim

búnaði sem gefur aðgang að innanhúslögn áskrifanda. Ef stofnlagnir að tengiskápum teldust ekki heimtaugar væri óskýlt að veita aðgang að þeim.

Varðandi eignarrétt að umræddum lögnum telur Landssíminn að ályktun kvartanda um mörk heimtaugar og innanhúslagnar sé röng. Þá verði sú ályktun ekki dregin af orðalagi 38. gr. fjarskiptalaga að því sé ætlað að taka til eignarréttar. Hafi það verið ætlun löggjafans að raska eignarrétti hefði þurft að kveða skýrt á um það, en hvergi sé minnst á það, hvorki í 38. gr. né í greinargerð með frumvarpi. Slík eignaupptaka færi gegn stjórnarskrárvörðum eignarrétti og kæmi ekki til greina bótalaust.

Því er mótmælt að beita megi reglum eignarréttar um viðskeytingu. Þar sem fasteignareiganda ber skylda til að heimila lagningu fjarskiptalagna um fasteign sína skv. 48. gr. fjarskiptalaga verði þær ekki eign fasteignareiganda heldur þurfi hann að þola að leiðslurnar liggi um eign hans og hann á rétt á bótum ef lagningin veldur honum tjóni. Almenn ákvæði laga um fjöleignarhús verði heldur ekki skilin öðru vísi en í samræmi við ákvæði fjarskiptalaga.

Landssíminn tekur fram að ef hinar umdeildu lagnir væru taldar innanhúslagnir þýddi það að engin heimtaug væri til staðar í Kringlunni og myndi það raska forsendum sem lágu að baki útreikningum á kostnaði við heimtaugar.

Landssíminn fellst ekki á að eignarhald Landssímans á fjarskiptalögnum í Kringlunni hindri samkeppni og skaði notendur. Ef lagnirnar væru ekki taldar hluti hins almenna fjarskiptanets nytu notendur ekki lengur lögvarins réttar til að tengjast netinu í eða við sín rými.

2. Bréf Rekstrarfélags Kringlunnar, 15. janúar 2001

Rekstrarfélagi Kringlunnar var gefinn kostur á að svara athugasemdum Landssímans og var það gert með bréfi dagsettu 15. janúar 2001.

Frávísunarkröfu Landssímans er mótmælt og talið að ágreiningsefnið falli undir valdsvið Póst- og fjarskiptastofnunar. Í því sambandi er vísað til 15. tl. 1. mgr. 3. gr. og 7. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999 og 20. og 38. gr. laga um fjarskipti.

Varðandi aðild bendir Rekstrarfélagið á að það er húsfélag í skilningi laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús og fer með forræði máls þessa sbr. 7. tl. 8. gr. þeirra laga.

Rekstrarfélagið telur að ágreiningurinn felist í raun aðeins í því hvar mörkin liggi milli heimtaugar og innanhúslagna og megin ágreiningurinn sé um skilgreiningu á “húskassa”. Rekstrarfélagið telur að leggja verði þann almenna skilning til grundvallar að með “húskassa” sé jafnan átt við inntaksgrind innan

við húsvegg. Deiligrindur og tengiskápar hafi aldrei kallast “húskassar”. Hefði löggjafinn ætlast til þess að orðið “húskassi” tæki yfir eitthvað annað en heitið hafi almennt verið notað yfir hefði þurft að koma fram skýr skilgreining í lögunum.

Rekstrarfélagið áréttar sjónarmið sem fram komu í kvörtun. Bent er á að skilgreiningar og eignarheimildir þurfi að komast á hreint og sama eigi að gilda fyrir alla í þeim efnum og ekki dugi að vísa til sérstakra aðstæðna í Kringlunni. Þá er og mótmælt rökum Landssímans varðandi samkeppnissjónarmið, en krafa Rekstrarfélagsins útiloki ekki að notandi geti skipt við hvaða fjarskiptafyrirtæki sem er.

3. Bréf Landssímans, 15. mars 2001

Landssíminn svaraði með bréfi dags. 15. mars 2001. Þar er vísað til krafna og sjónarmiða sem fram koma í fyrra bréfi Landssímans. Landssíminn telur að þar sem Rekstrarfélagið hafi í engu vikið frá upphaflegri kröfugerð og geri eingöngu kröfu um viðurkenningu eignarréttar verði ekki séð að Póst- og fjarskiptastofnun sé bær að lögum til að úrskurða um ágreininginn. Landssíminn telur tilvísun Rekstrarfélagsins til 7. tl. 8. gr. laga um fjöleignarhús ekki veita vísbendingar um að Rekstrarfélagið sé réttur aðili að kröfu um eignarhald.

4. Fundur með aðilum

Þann 25. mars hélt Póst- og fjarskiptastofnun fund með aðilum. Að hálfu aðila mættu til fundarins annars vegar Halldór Jónsson hdl., Ragnheiður Ólafsdóttir hdl. og Einar I. Halldórsson framkvæmdastjóri f.h. Rekstrarfélagsins og hins vegar Páll Ásgrímsson hdl. og Bergþór Halldórsson framkvæmdastjóri f.h. Landssímans.

Á fundinum kom fram að aðilar töldu að samningaleið hafi verið fullreynd í þessu máli og enginn grundvöllur væri fyrir sáttaumleitunum.

Aðilar fengu færi á að tjá sig um málið. Þeir vísuðu til þeirra sjónarmiða sem fram komu í gögnum málsins.

Aðspurðir upplýstu fyrirvarsmenn Rekstrarfélagsins að félagið væri félag eigenda sem sæi um rekstur fasteignarinnar og kæmi fram fyrir hönd eigenda en félagið sjálft væri ekki eigandi að fasteigninni eða hluta hennar.

Aðilar voru spurðir hvort Kringlan væri ein samfelld bygging. Þeir voru sammála um að svo væri og lagnir þær sem um er deilt lægu alfarið innan húss.

Aðilar staðfestu að herbergi sem hýsti símsstöð og deiligrind væri í umráðum Landssímans samkvæmt leigusamningi.

Fulltrúar Landssímans voru spurðir hvort deilt væri um aðgang að lögnunum. Þeir kváðu önnur fjarskiptafyrirtæki geta fengið aðgang að lögnunum en að greiða þyrfti heimtaugaleigu.

Aðilar voru spurðir hvort Landssíminn hefði tekið einhverja greiðslu fyrir lagningu hinna umdeildu lagna. Fulltrúar Landssíma töldu það ólíklegt en ekki fengust skýr svör hjá aðilum varðandi þetta atriði.

Aðilar sögðu að nettengipunktur hefðu hvergi verið skilgreindir í samningum þeirra á milli.

Fulltrúar Landssímans sögðust ekki gera athugasemdir við skýringarmynd Rekstrarfélagsins af fjarskiptalögnum frá Múlastöð og inn í Kringluna (fylgiskjal Rekstrarfélagsins nr. 1).

5. Skoðun á inntaksherbergi Kringlunnar.

Eftir fund með aðilum óskaði Póst- og fjarskiptastofnun eftir nánari lýsingu á uppsetningu tengigrinda í inntaksherbergi Kringlunnar. Þar sem svörum aðila bar ekki saman var ákveðið að fulltrúar stofnunarinnar færu á vettvang og könnuðu hvernig uppsetningu er háttað. Þann 29. júní 2001 fóru fulltrúar Póst- og fjarskiptastofnunar á staðinn ásamt fulltrúum frá báðum aðilum.

Við skoðun kom í ljós að lagnir liggja frá símsstöð í herberginu í eina tengigrind og úr henni liggja lagnir annars vegar í tengiskápa innan Kringlunnar og hins vegar í hús í nágrenninu. Engin sérstök deiligrind er fyrir lagnir sem enda innan Kringlunnar. Að sögn fulltrúa Landssímans eru ákveðnar raðir í tengigrindinni fyrir tengingar á línunum fyrir Kringluna.

III. Niðurstaða

1. Ágreiningsatriði

Mál þetta snýst um fjarskiptalagnir innan veggja fasteignarinnar Kringlunnar 4-12. Fram kemur í gögnum málsins að ljósleiðarastrengur liggur frá Múlastöð Landssímans að inntaksherbergi Kringlunnar 4-12. Í inntaksherberginu er símsstöð og frá henni liggja strengir að tengigrind og frá tengigrindinni liggja lagnir í nærliggjandi hús annars vegar og í tengiskápa innan Kringlunnar 4-12 hins vegar. Frá tengiskápum víðs vegar um húsið eru lagnir inn í einstök verslunar og þjónusturými. Landssíminn kveður Póst- og símamálastofnun

(síðar Landssími) hafa lagt allar fjarskiptalagnir innan Kringlunnar 8-12, alla leið inn í einstök verslunarrými. Nýjar fjarskiptalagnir voru lagðar frá inntaksherbergi Kringlunnar 8-12 yfir í Kringluna 4-6 árið 1998 þegar byggingarnar voru tengdar saman með viðbyggingu. Í þeim hluta hússins lagði Landssíminn lagnir að tengiskápum, en framkvæmdaraðilar lögðu lagnir frá tengiskápum og inn í verslunarrými. Við stækkun Kringlunnar setti Landssíminn upp sírstöð í inntaksherbergi Kringlunnar, sem þjónar Kringlunni 4-12 og nærliggjandi húsum. Áform varðandi sírstöðina voru kynnt fyrirvarsmanni Kringlunnar með bréfi dags. 17. 4. 1998 (fylgiskjal kvartanda nr.2) og gerðu aðilar leigusamning um inntaksherbergið á árinu 1998.

Ágreiningur er ekki milli aðila um málavexti og lýsingum þeirra á uppbyggingu lagnakerfisins frá Múlastöð og til einstakra notenda í Kringlunni ber saman, að öðru leiti en að því er varðar tengigrind í inntaksherbergi, en leitt hefur verið í ljós hvernig uppsetningu tengigrindar er háttað, sbr. lið II-5 hér á undan. Ágreiningurinn snýr að því hvaða hugtök skuli nota um einstaka hluta kerfisins skv. ákvæðum fjarskiptalaga og hver sé eigandi lagnakerfisins fyrir innan húsvegg Kringlunnar 4-12, þ.m.t. símtöðvar/húskassa. Krafa Rekstrarfélagsins lýtur þó einungis að því að Póst- og fjarskiptastofnun skeri úr um eignarrétt að innanhúslögnum og húskassa.

Þar sem ekki hafa enn verið settar reglur um innanhúslagnir telja báðir aðilar málsins það brýnt að Póst- og fjarskiptastofnun leitist við að skýra réttarstöðuna varðandi innanhúslagnir. Þykir því rétt að gera grein fyrir afstöðu stofnunarinnar varðandi innanhúslagnir og aðgang að þeim, áður en fjallað er um kröfu Rekstrarfélagsins um staðfestingu á eignarrétti.

2. Innanhúslagnir.

Um innanhúslagnir er fjallað í 38. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999. Þar segir:

Fjarskiptalagnir innan húss, þar með taldir húskassar þar sem heimtaugar fjarskiptafyrirtækja enda, eru á ábyrgð húseigenda. Staðsetning húskassa og allar lagnir skulu vera í samræmi við teikningar af byggingunni. Í byggingum sem rúma fleiri en einn áskrifanda skulu húskassar vera innsiglaðir og þannig gengið frá lögnum að óviðkomandi eigi ekki greiða leið að einstökum fjarskiptalínum. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um frágang húskassa og lagna í þeim tilgangi að tryggja vernd fjarskipta og skilgreina aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja.

Í athugasemdum með frumvarpi til fjarskiptalaga segir eftirfarandi um 38. gr:

Á meðan Póst- og símamálastofnun, Póstur og sími hf. og nú síðast Landssími Íslands hf. höfðu einkarétt á starfrækslu fjarskiptaneta mótuðust verklagsreglur innan stofnunarinnar um fjarskiptalagnir innan húss, staðsetningu húskassa og

frágang þeirra. Eftir að samkeppni var heimiluð er eðlilegast að Póst- og fjarskiptastofnun hafi heimildir til að kveða á um fyrirkomulag innanhússlagna og húskassa. Brýnt er að reglur sem settar verði um fyrirkomulag húskassa hamli ekki samkeppni fjarskiptafyrirtækja.

38. gr. fjallar um fjarskiptalagnir innan húss og eru engar lagnir sérstaklega undanskildar. Af þeirri ástæðu verður að telja að skilja eigi 38. gr. þannig að allar fjarskiptalagnir sem liggja innan húss og til notenda í húsinu séu innanhúslagnir og á ábyrgð húseiganda. Undanskilja verður þó lagnir sem kunna að liggja í gegnum hús skv. heimild í 48. gr. fjarskiptalaga og enda ekki hjá notendum í viðkomandi húsi. Slíkar lagnir ber að líta á sem hluta hins almenna fjarskiptanets.

Lagnir innan íbúðar eða annars rýmis sem er í séreign eða séryfirráðum einstakra notenda hafa almennt verið lagðar af eiganda sjálfum og verið á ábyrgð hans að öllu leiti. Því verður að álykta að með setningu sérstaks lagaákvæðis um innanhúslagnir hafi verið ætlunin að kveða á um ábyrgð á öllum lögnum innan húss en ekki aðeins lögnum sem tilheyra einum notanda og enginn vafi lék á um á hverra ábyrgð væru. Í 38. gr. er og kveðið sérstaklega á um frágang húskassa í húsum sem rúma fleiri en einn áskrifanda. Það virðist því ljóst að ákvæðið tekur jafnt til innanhússlagna sem tilheyra einum notanda og innanhússlagna sem nýttar eru sameiginlega af notendum í húsinu. Ekkert í ákvæðinu eða athugasemdum í greinargerð bendir til þess að einhver hluti lagna innan húss sé undanskilinn og tilheyri heimtaug en ekki innanhússlögn. Það mælir einnig gegn því að gera greinarmun á þessum lögnum að á byggingarteikningum húsa eru bæði sýndar lagnir sem þjóna öllum notendum og lagnir sem liggja inn til einstakra notenda. Það er því álit Póst- og fjarskiptastofnunar að allar lagnir sem taka við af strengjum eða lögnum sem fara um inntak byggingar og enda hjá notendum í byggingunni séu almennt innanhúslagnir í skilningi 38. gr. Í því sambandi gildir einu hvort um er að ræða hús sem er í umráðum eins notanda eða margra notenda. Ekki skiptir heldur máli hvort um er að ræða íbúðar eða atvinnuhúsnæði.

3. Húskassi.

Hugtakið húskassi er ekki skilgreint í fjarskiptalögum. Fram kemur hjá báðum aðilum þessa máls að ætla megi að jafnan sé átt við inntaksgrind innan við húsvegg í viðkomandi byggingu. Orðið húskassi hlýtur þó að verða að skilja sem kassa sem hýsir slíka grind enda er gert ráð fyrir því í fjarskiptalögum að hægt sé að loka húskassa og innsigla. Það verður að teljast vera almennur skilningur á orðinu að átt sé við kassa við inntak fjarskiptalagna sem þjónar viðkomandi húsi. Það er álit Póst- og fjarskiptastofnunar að húskassi sé að jafnaði kassi sem hýsir fyrsta tengipunkt fjarskiptalagnar fyrir innan húsvegg. Samkvæmt þessu nær hugtakið húskassi ekki til deilikkassa sem hluti heildarnotenda í byggingunni tengist.

4. Mörk almenns fjarskiptanets og innanhúslagnar.

Skv. 4. tl. 3. gr. fjarskiptalaga er almennt fjarskiptanet; fjarskiptanet sem notað er að öllu eða einhverju leyti til framboðs á almennt fánlegri fjarskiptaþjónustu. Símsstöð sem sett er upp af fjarskiptafyrirtæki og þjónar mörgum notendum í einhverjum fjölda aðskildra bygginga verður að teljast hluti hins almenna fjarskiptakerfis. Það breytir ekki eðli símsstöðvarinnar þó hún þjóni einnig notendum innan þess húss sem hún er staðsett í jafnvel þótt meirihluti notenda stöðvarinnar væri innan þeirrar byggingar.

Skv. 15. tl. 3. gr. fjarskiptalaga liggur heimtaug frá tengigrind símsstöðvar í almennu fjarskiptaneti að þeim búnaði sem gefur aðgang að innanhúslögn áskrifanda. Túlka verður þessa skilgreiningu í samræmi við ákvæði 38. gr. þannig að mörkin liggi við aðgangsbúnað innanhússlagnar hvort sem hún þjónar einum eða fleiri áskrifendum.

Til viðbótar við skilgreiningu laganna á heimtaug má telja víst að almennt sé lagður sá skilningur í orðið að um sé að ræða streng sem liggur frá símsstöð og að einstöku húsi. Þegar símsstöðin er komin inn í viðkomandi hús er augljóslega ekki þörf fyrir heimtaug til þess að brúa bil milli símsstöðvar og húss notenda. Slíkt fyrirkomulag leiðir ekki til þess að mörk almenna fjarskiptanetsins færist lengra inn í bygginguna og lagnir sem að öllu jöfnu eru taldar innanhúslagnir verði að heimtaugum. Lagnir innan byggingar sem enda hjá notendum í byggingunni teljast innanhúslagnir skv. 38. gr. fjarskiptalaga og það breytist ekki þó að þær séu í beinu framhaldi af símsstöð. Þegar uppbyggingu lagnakerfis er hagað með þessum hætti og innanhúslögn er tengd beint við tengigrind símsstöðvar er ekki um neina eiginlega heimtaug að ræða. Ef hins vegar væri settur upp sérstakur húskassi sem aðeins innhélldi tengingu strengja frá tengigrind símsstöðvar við heildarinnanhúslögn viðkomandi húss mætti telja strengi frá tengigrind símsstöðvar að húskassanum heimtaugar þó stuttar væru.

5. Fjarskiptalagnir í Kringlunni.

Eins og uppsetningu fjarskiptakerfis í Kringlunni 4-12 er háttað verður að telja að símsstöðin sem þjónar fleiri en einni byggingu, sé hluti almenns fjarskiptanets. Símsstöðin var sett upp með samþykki húseiganda og með bréfi sem liggur frammi í máli þessu var þeim tilkynnt að símsstöðin ætti að þjóna fleiri húsum en Kringlunni 4-12. Aðilar gerðu síðan leigusamning þar sem Landssímanum eru fengin umráð þess rýmis sem hýsir símsstöðina. Húseigendum mátti því vera ljóst að ekki var um að ræða eiginlega innanhússímsstöð.

Aðeins er um eina tengigrind að ræða í inntaksherberginu. Önnur hlið tengigrindarinnar tengist símsstöðinni og frá hinni hliðinni liggja strengir áfram inn í Kringluna og strengir í önnur hús. Þessi tengigrind er því tengigrind

símstöðvar í almennu fjarskiptaneti en ekki deiligrind fyrir Kringluna 4-12 eins og lýst er á mynd sem lögð var fram af Rekstrarfélaginu.

Eins og áður segir telur Póst- og fjarskiptastofnun innanhúslagnir vera allar lagnir sem taka við af strengjum eða lögnum sem fara um inntak byggingar og enda hjá notendum í byggingunni. Af þessu leiðir að lagnir sem liggja innan Kringlunnar frá tengigrind símstöðvar og í tengiskápa eru innanhúslagnir.

Húskassi er kassi sem hýsir fyrsta tengipunkt fjarskiptalagnar fyrir innan húsvegg en deilikassar sem aðeins hluti heildarnotenda í byggingunni tengist eru ekki húskassar. Tengiskápar víðs vegar um Kringlubygginguna eru því ekki húskassar. Ekki er til staðar sérstakur kassi sem hýsir tengipunkt almenna fjarskiptanetsins við allar innanhúslagnir í Kringlunni og er því enginn eiginlegur húskassi fyrir Kringluna 4-12.

Þar sem innanhúslagnir tengjast almenna fjarskiptanetinu beint er engin heimtaug til staðar í Kringlunni 4-12. Strengir sem liggja frá tengigrindinni yfir í önnur hús eru heimtaugar, enda tengjast þeir húskassa í viðkomandi húsi, en strengir sem liggja frá tengigrindinni til notenda inni í Kringlunni eru innanhúslagnir. Tengipunktur almenna fjarskiptanetsins og innanhúslagnar er því við tengigrind símstöðvarinnar.

Inntaksherbergið hýsir tengipunktinn, en hefur að auki að geyma símstöð sem tilheyrir almenna fjarskiptanetinu. Inntaksherbergið er því ekki eiginlegur húskassi eins og talað er um í 38. gr. Þarna rekast á hagsmunir húseigenda og nýrra fjarskiptafyrirtækja varðandi óheftan aðgang annars vegar og öryggishagsmunir fyrirtækisins sem rekur símstöðina hins vegar. Þetta fyrirkomulag á uppsetningu fjarskiptavirkja er til þess fallið að valda erfiðleikum varðandi aðgang að innanhúslögn og samrýmist ekki ákvæðum 38. gr. sem kveður á um innsiglaðan húskassa. Eftir gildistöku fjarskiptalaga nr. 107/1999 verður því að telja óheimilt að tengja almennt fjarskiptanet og innanhúslögn með þessum hætti. Mæla verður með því að í húsum sem lagt var í á þennan hátt í gildistíð eldri laga verði húskassi og símstöðvarherbergi aðskilin ef kostur er.

6. Um aðgang að innanhúslögnum

Allar innanhúslagnir eru á ábyrgð húseiganda skv. 38. gr. fjarskiptalaga. Póst- og fjarskiptastofnun telur að það eigi jafnt við nýjar lagnir og lagnir sem lagðar voru í tíð eldri laga, enda er enginn greinarmunur gerður þar á í lögnum. Með því að ábyrgð á lögnunum er falin húseigendum hljóta þeir að hafa full yferráð yfir lögnunum og geta því veitt fjarskiptafyrirtækjum aðgang að þeim að eigin vild. Þessu til stuðnings eru þau ummæli í athugasemdum með 38. gr. í frumvarpi til fjarskiptalaga þess efnis að brýnt sé *“að reglur sem settar verði um fyrirkomulag húskassa hamli ekki samkeppni fjarskiptafyrirtækja”*. Það væri

óneitanlega líklegt til að hamla samkeppni ef einu fjarskiptafyrirtæki væri falið að stýra aðgangi að innanhúslögnum. Tilgangurinn með ákvæðinu er greinilega sá að gera einstökum íbúum eða fyrirtækjum kleift að velja sér fjarskiptafyrirtæki að eigin vild.

Það er því samkomulagsatriði milli fjarskiptafyrirtækis og húseiganda hvort fjarskiptafyrirtækið fær að tengjast innanhúslögn og þarf ekki að fá samþykki þess sem lagði lagnirnar, fyrir slíkri tengingu. Í tilfellum þar sem innanhúslögn tengist tengigrind símsstöðvar beint er húseiganda heimilt að láta aftengja innanhúslögnina tengigrindinni og tengja hana öðrum búnaði í staðinn, en ekki verður talið að 38. gr. fjarskiptalaganna veiti húseiganda rétt til þess að nota tengigrindina sjálfa eða símsstöðina, án heimildar viðkomandi fjarskiptafyrirtækis.

7. Kröfugerð Rekstrarfélagsins

Eins og áður kemur fram lýtur krafa Rekstrarfélagsins eingöngu að því að fá viðurkenndan eignarrétt á fjarskiptalögnum. Landssíminn heldur því fram að það falli utan valdsviðs Póst- og fjarskiptastofnunar að taka ákvörðun um eignarrétt að fjarskiptalögnum. Rekstrarfélagið telur hins vegar að stofnunin hafi heimild til slíkrar ákvörðunar og vísar í því sambandi til 7. gr. og 15. tl. 1. mgr. 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun og ennfremur til 20. og 38. gr. laga um fjarskipti.

Meginákvæðið um hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar við úrlausn deilumála er að finna í 7. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun sem hljóðar svo:

Telji notandi fjarskipta- eða pósthjónustu, rekstrarleyfishafi eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta að fjarskiptafyrirtæki, póstrekendur eða rekstrarleyfishafar brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða lögum um pósthjónustu, eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi, getur hlutaðeigandi beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar um að hún láti málið til sín taka.

Póst- og fjarskiptastofnun skal leita álits viðkomandi fjarskiptafyrirtækis, póstrekanda eða rekstrarleyfishafa á kvörtuninni og jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila. Náist ekki samkomulag skal úr ágreiningi skorið með úrskurði.

Þetta ákvæði veitir Póst- og fjarskiptastofnun vald til þess að úrskurða í málum þar sem málshefjandi telur að fjarskiptafyrirtæki hafi brotið gegn skyldum sínum skv. lögum um fjarskipti eða gegn skilyrðum rekstrarleyfis. Hvorki í lögum um fjarskipti né í rekstrarleyfi Landssímans er fjallað um eignarrétt á fjarskiptalögnum. Krafa Rekstrarfélagsins fjallar því ekki um brot á skyldum sem nefndar eru í 7. gr. og getur sú grein því ekki verið grundvöllur úrskurðar í

málinu. Í 15. tl. 1. mgr. 3.gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun og 20. og 38. gr. laga um fjarskipti er fjallað um afskipti Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi aðgang að netum en ekkert er þar að finna sem gefur til kynna að stofnuninni sé heimilt að úrskurða um eignarrétt. Skv. lokaorðum 38. gr. ber Póst- og fjarskiptastofnun að skilgreina aðgangsheimildir fjarskiptafyrirtækja að innanhúslögnum, en Rekstrarfélagið gerir enga kröfu um að úrskurðað verði um aðgang heldur einungis um eignarrétt. Ekki verður séð að þau ákvæði sem Rekstrarfélagið byggir kröfu sína á né heldur önnur ákvæði laga veiti Póst- og fjarskiptastofnun vald til þess að skera úr um eignarrétt á fjarskiptavirkjum og verður því að vísa kröfu þessari frá.

Landssíminn segir í athugasemdum sínum að hann telji að ekkert sé því til fyrirstöðu að Póst- og fjarskiptastofnun tjái sig um eignarrétt að fjarskiptalögnum í Kringlunni án þess að í því fælist bindandi niðurstaða fyrir aðila og aðilar hafa báðir óskað eftir því að leitast verði við að varpa ljósi á réttarstöðuna burt séð frá því hvort krafa Rekstrarfélagsins verði tekin til meðferðar sem slík. Þau gögn sem lögð hafa verið fram í máli þessu geta ekki talist nægilega upplýsandi um ýmsa þætti sem huga verður að ef álykta á um eignarrétt. Ekki þykir þó ástæða til að aflað verði frekari gagna þar sem Póst- og fjarskiptastofnun mun ekki úrskurða um kröfu Rekstrarfélagsins. Ekkert liggur t.d. fyrir um verðmæti þeirra eigna sem deilt er um eða hvort húseigendur hafi innt einhverjar greiðslur af hendi til Landssímans fyrir lagningu þeirra. Né heldur liggur það ljóst fyrir hvort húseigendur hafi almennt óskað eftir því að Landssíminn annaðist lagnir innanhúss eða hvort Landssíminn hafi tekið sjálfstæða ákvörðun um að leggja innanhúslagnir á eigin kostnað án sérstakrar beiðni frá húseigendum. Eins og málið hefur verið lagt fyrir stofnunina er því ómögulegt að taka nokkra afstöðu til eignarréttarins.

Úrskurðarorð:

Kröfu Rekstrarfélags Kringlunnar um viðurkenningu eignarréttar þess á öllum innanhúss fjarskiptalögnum sem lagðar hafa verið innan fasteignarinnar Kringlunnar, auk eignarréttar á húskassa Kringlunnar, er vísað frá Póst- og fjarskiptastofnun.

Póst- og fjarskiptastofnun
24. ágúst 2001

Gústav Arnar

Sigurjón Ingvason